

BORGARRÁÐ 27. ÁGÚST 2026: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Vinstreisins um jafnréttisskimun á tillögu um breytt stjórnskipulag velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs - MSS26080103

Í jafnréttisskimun um tillögu meirihlutans um breytt stjórnskipulag velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs sem barst að fundi loknum, eftir að málið hafði verið afgreitt, kemur fram að um sé að ræða víðtækar skipulagsbreytingar í skóla- og frístundaþjónustu og velferðarþjónustu sem snúi ekki að einstökum markhópum.

Ljóst er að þessar breytingar snerta fjölmarga ólíka hópa með fjölbreytta félagslega stöðu. Hvernig varð niðurstaðan sú að þessar umfangsmiklu breytingar snúi ekki að einstaka markhópum? Hvernig fór skimunin fram með tilliti til ólíkra þarfa borgarbúa?